



Tjarnaklukka, safneintak frá Hálsun. Ljósmynd: Erling Ólafsson.



Erling Ólafsson

Tjarnaklukkan á Hálsu við Djúpavog

Það hefur verið brotið í sögu náttúruverndar á Íslandi. Í fyrsta skipti hefur búsvæði smádýrs verið friðlýst og þar með verið fylgt í fótspor nágrannaþjóða í friðlýsingamálum. Til þessa hefur einungis verið horft til stærri og kunnuglegrí lifvera þegar tegundir hafa verið verndaðar samkvæmt lögum. Friðlýsing búsvæðis vatnabjöllunnar tjarnaklukku (*Agabus uliginosus*) var staðfest þann 10. febrúar 2011 er Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, og Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps, undirrituðu skjöl þar að lútandi í Löngubúð á Djúpavogi.

Í tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009–2013 var í fyrsta skipti lagt til að vernda tegundir smádýra hér á landi. Tjarnaklukkan á Hálsu við Djúpavog var ein þriggja tegunda sem tilgreindar voru (María Harðardóttir o.fl. 2008). Því ferli hefur nú verið lokið.


Tjarnaklukkan á Hálsu

Það er athyglisvert að hérlandis hefur tjarnaklukka hvergi fundist nema á Hálsu yst á nesinu sem aðskilur Hamarsfjörð og Berufjörð, skammt vestan byggðar í Djúpavogi, í um 160 m hæð yfir sjávarmáli. Þar dafnar

hún vel í grunnum og lífríkum tjörnum og pollum ásamt öðrum tegundum vatnabjallna, þ.e. brunnaklukku (*Agabus bipustulatus*), fjallaklukku (*Colymbetes dolabratus*) og lækjaklukku (*Hydroporus nigrita*). Það er ljóst að tjarnaklukka er hér á nyrstu mörkum útbreiðslu sinnar. Í Evrópu nær hún til syðstu héraða Noregs og Finnlands. Hún finnst ekki vestan Atlantsála og eru Hálsar því vestasti fundarstaður tegundarinnar í heiminum. Annars finnst hún suður að Miðjarðarhafi og austur í miðbik Síberíu (Nilsson & Holmen 1995).

Tjarnaklukka staðfest árið 1935

Tilvist tjarnaklukku á Hálsu var fyrst staðfest árið 1935, þegar skordýrasafnanum Geir Gígja var vísað á staðinn (Larsson & Geir Gígja 1959). Heimamenn höfðu orðið varir við óvenju litlar brunnaklukkur í tjörnum þar uppi á hálsinum. Næst var hugað að tjarnaklukkunum í september 1970, er Hálfán Björnsson, bóndi og náttúrufræðingur á Kvískerjum í Örafum, gerði sér ferð þangað. Hann sá að tegundin var þar enn til staðar. Hálfán mætti enn á staðinn í júní 1990, ásamt höfundu þessarar greinar og Ara Guðjóns-syni, heimamanni á Djúpavogi. Tjarnaklukkur



Vernðarsvæði tjarnaklukkan á Hálsum í Djúpvogshreppi (úr auglýsingu um friðun búsvæðis tjarnaklukkan á Hálsum). Eigandi korts: Umhverfisstofnun.

fundust þá í allnokkrum tjörnum á svæðinu og var töluvert af þeim. Því er ljóst að tjarnaklukkan á þarna heima og vegnar vel.

Nánar um tjarnaklukkan

Á Hálsum lifir tjarnaklukkan í grunnum og lífríkum tjörnum og pollum, en þar er fjöldi smátjarna af ýmsu tagi sem iða af lífi og eru verðugt og áhugavert rannsóknarefni. Sumar eru mjög gróðurríkar en minni gróður í öðrum. Í nágrannalöndunum heldur tjarnaklukkan sig einnig í grunnum pollum, jafnvel svo grunnum að þeir kunna að þorna upp, einnig í pollum í votlendi og laufskógum. Talið er að fullorðnar bjöllur leggist í vetrardvala og að lírfur þroskist síðla vors og snemma sumars.

Tjarnaklukkan er rándýr sem lifir á smádýrum sem hún veiðir í vatninu (Nilsson & Holmen 1995).

Flestir landsmenn þekkja brunnskukkur en fáir hafa tjarnaklukkan augum litið. Þetta eru náskyldar tegundir sömu ættkvíslar (*Agabus*) og líkar í útliti. Tjarnaklukkan er töluvert smávaxnari, um 6 mm á lengd samanborðið við 10 mm langar brunnskukkur, og svört gljáandi skelin er öllu kúptari en skel brunnskukku.

Búsvæðið á Hálsum

Í raun hafa til þessa ekki steðjað hættur að búsvæði tjarnaklukkanar á Hálsum. Landið hefur einungis verið nýtt til sauðfjarbeitar en verið er að girða það af. Þar mun því sauðfé



Hálsar í Djúpavogshreppi, horft til Búlandstinds og inn Berufjörð. Ljósmynd: Andrés Skúlason (2007).

ekki ganga í framtíðinni en hreindýrum verður seint haldið frá. Það verður þó tjarnaklukkunum að skaðlausu.

Landeigendur tóku tillögunni um friðun afar jákvætt og varð friðun svæðisins því auðveldlega við komið. Fá sveitarfélög hafa eins skýra og metnaðarfulla stefnu í umhverfismálum og Djúpavogshreppur og hefur stefnan hlotið verðskuldaða athygli. Þar gera heimamenn sér fulla grein fyrir því að vernduð náttúran er auðlind bæði fyrir heimafólk að njóta og til að kynna ferðamönnum, sem í auknum mæli hafa ástæðu til að staldra við í sveitinni. Verndun búsvæðis tjarnaklukkunnar er enn ein rós í hnappagat sveitarfélagsins. Til hamingju, Djúpavogshreppur.

Heimildir

- Larsson, S.G. & Geir Gígia 1959. *Coleoptera I. Synopsis. Zoology of Iceland III, Part 46a.* Munksgaard, Kaupmannahöfn. bls. 218.
- María Harðardóttir, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Sigmundur Einarsson, Sigurður H. Magnússon, Starri Heiðmarsson & Jón Gunnar Ottósson 2008. *Verndun svæða, vistgerða og tegunda.* Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009–2013. Náttúrufræðistofnun Íslands, Skýrsla NÍ 08008. bls. 85.
- Nilsson, A.N. & M. Holmen 1995. *The aquatic Adephaga (Voleoptera) of Fennoscandia and Denmark. II. Dytiscidae.* Fauna Entomologica Scandinavica. Vol.32. E.J. Brill, Leiden, New York, Köln. bls. 192.